

Nesfréttir

SEPTEMBER 2023 • 8. TBL. • 36. ÁRG. • borgarblod.is



Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi er í miklum blóma. Fólk hefur tekið vel við sér í þátttöku félagsstarfsins í vetur en haustdagskráin fór af stað um mánaðamótin ágúst – september.

Milli 70 og 80 manns kíktu við á kynningarfundum félagsstarfsins og í vöflukaffið sem haldið var í salnum á Skólabraut í lok ágúst sl. Þar fór fram kynning og skráning á hin ýmsu námskeiðum og viðburðum í vetur.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

Opið

8-24

alla daga

Á EIDISTORGI

HAGKAUP

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 895 8298**

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Borgarblöð ehf.

NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Snör handtök

Snör handtök Þórs Sigurgeirssonar bæjarstjóra og samstarfsfólks hans í bæjar málum vegna myglu í grunnskólum bæjarins hafa vakið athygli.

Þegar var hafist handa við að skoða og meta skemmdir og síðan að semja við verktaka til þess að annast viðgerðir.

Mygluvandinn hefur herjað á margar byggingar að undanfögnu. Seltjarnarnes er þar engin undantekning. Í Reykjavík og víðar hefur orðið að takast á við mikinn vanda. Jafnvel að endurbyggja heilu skólahúsin.

Þetta er blóðtaka. Ekki síst fyrir litið samfélag eins og á Seltjarnarnesi. Bæjaryfirvöld setja það ekki fyrir sig. Skólahald má ekki líða fyrir þessar ófyrirséðu skemmdir. Húsnæðið verður að vera heilsusamlegt og í lagi.

Seltjarnarnesbær kemst fram úr þessu. Ungir bæjarbúar á Seltjarnarnesi munu að framkvæmdum loknum geta gengið inn í endurbætta skóla. En handtökin urðu að vera snör.



www.systrasamlagid.is

Þjónustusamningur við Ístak

Viðgerðir á húsnæði grunnskólans þola enga bið



Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt veita bæjarstjóra umboð til að gera þjónustusamning við Ístak hf. vegna viðgerða á rakaskemmdum í skólahúsnæði Grunnskóla Seltjarnarness. Bæjarstjóri mun hafa samráð við lögmann bæjarins auk sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs varðandi útfærslu þjónustusamningsins.

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri segir að í ljósi þeirra niðurstaðna sem koma fram í skýrslu Eflu um rakaskemmdir í skólahúsnæði Grunnskóla Seltjarnarness meti bæjarráð málið þannig að um neyð sé að ræða og að hefja þurfi verkið þegar í stað og án neins dráttar. Ég vatt mér strax í þetta verk og samdi við Ístak til vinna það. Þetta tekur eðlilega í. En um annað er ekki að gera. Við verðum að hafa hraðar hendur og koma skólahúsnæðinu í lag hið fyrsta sagði Þór í óformlegu spjallið við Nesfréttir.



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélagas.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

KRÓNAN

Við höfum opnað aftur á Granda!



**Glæsileg
opnunartilboð**

**Ef þú Skannar og skundar
með krónuappinu færðu að auki
5% afslátt af öllum vörum***

*Gildir aðeins í Krónunni á Granda 21.-24. september,
gildir ekki með öðrum tilboðum

Ánægjulegur dagur Áslaugu Örnu á Nesinu



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri kíktu á Örnukaffi.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra var með skrifstofu sína óháð staðsetningu á Seltjarnarnesi í byrjun september. Áslaug Arna fundaði og fór víða um Nesið með Þór Sigurgeirssyni bæjarstjóra, heimsótti fyrirtæki og spjallaði við fólk auk þess að kynna Seltjarnarnesinu á dásemdardegi.

Dagurinn byrjaði með góðum kaffibolla og spjalli á Örnukaffi áður en Áslaug Arna tók svo á móti fólki í spjall á bókasafninu. Fullt var í allan víðtalstímann og greinilegt að bæjarbúar kunnu vel að meta það að spjalla milliliðalaust við ráðherra. Bæjarstjóri og ráðherra voru drifin í jóga þegar þau heimsóttu nýsköpunarfyrirtækið Innovation House á Eiðistorgi og grúskað var í gömlum og góðum flíkum í Elley á Austurströndinni. Kíkt var í heimsókn á bæjarskrifstofuna áður en skoðunarferð um Nesið hófst þar sem að bæjarstjóri upplýsti um það helsta sem er í gangi um þessar mundir, sýndi hitaveituna, nýja búsetukjarnann og sagði frá Gróttubýggðinni svo dæmi séu tekin áður en að leið lá í hádegisverð og spjalli í Nesklúbbnum þar sem auðvitað voru slegin góð upphafshögg. Gróttu var heimsótt þar sem húsin í eyjunni skoðuð og kíkt á sýninguna Glasagarðurinn sem nú stendur yfir í Vitavarðarhúsinu. Ráðherra fór enn fremur upp í Gróttuvita og naut þar einstakrar upplifunar og útsýnis áður en deginum lauk með fundi í Ráðagerði. Árangursríkur, ánægjulegur og afslappaður dagur með Áslaugu Örnu ráðherra þennan september dag á Seltjarnarnesinu.

Tónlistarskólinn fær nýjan flygil

Tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi hefur eignast nýjan flygil fyrir sal skólans. Flygillinn sem fyrir var þjónaði sínu hlutverki vel í rúma þrjá áratugi og mun áfram nýtast til kennslu. Veturinn 2020 samþykkti þáverandi bæjarstjórn Seltjarnarness kaup á nýjum flygli fyrir Tónlistarskólann.

Ákveðið var að leita til Víkings Ólafssonar píanó-leikara eftir aðstoð við val á flygli frá verksmiðjum Steinway & Sons í Hamborg í Þýskalandi en Víkingur hefur mikla reynslu af að velja hljóðfæri í tónleikasali, bæði hér heima og erlendis. Hann hefur til að mynda séð um val á flyglum í Hörpu.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir Steinway hljóðfærum á Covidtímum var það ekki fyrr en í maí sl. sem Aðalheiður Eggertsdóttir deildarstjóri píanóeildar TS og Víkingur hittust í höfuðstöðvum Steinway í Hamborg til að velja hljóðfærið. Víkingur er auðsúgestur hjá Steinway og var vel tekið á móti honum og Aðalheiði. Búið var að undirbúa fimm flygla fyrir komu þeirra. Ekkert þeirra hljóðfæra stóðst væntingar en það gerði hins vegar hljóðfæri sem ekki var að fullu frágengið og stóð því enn í verksmiðjunni. Sá flygill hefur nú verið fluttur til landsins og er í varðveislu Tónastöðvarinnar sem hafði milligöngu um kaupin. Ákveðið var að bíða með að flytja flygilinn í skólann því fyrirbyggjandi eru viðgerðir á þaki og gluggum húsnæðis skólans að Skólabraut.

Vonast er til að hægt verði að vígja nýja hljóðfærið á næsta ári en þá verður Tónlistarskóli Seltjarnarness 50 ára.



Á myndinni eru Aðalheiður Eggertsdóttir og Víkingur Ólafsson að prófa flygil fyrir Tónlistarskóla Seltjarnarness.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

BREYTTUR OPNUNARTÍMI Í ELKO GRANDA

Opið 10 – 18 á virkum dögum

mán – fös laugardaga sunnudaga

10 – 18

11 – 18

12 – 18



Bæjarhátíðin og veðurguðirnir

Bæjarhátíð Seltjarnarness var að þessu sinni haldin dagana 26. ágúst til 3. september þar sem fjölmargir viðburðir voru á dagskrá. Það fór hins vegar svo að veðurguðirnir voru ekki alveg með okkur í liði þetta árið og reyndist t.a.m. nauðsynlegt að fella niður hinn árlega Fjölskyldudag í Gróttu með öllum sínum fjölbreyttu viðburðum vegna slæms veðurs. Veðrið var hins vegar misgott eða vont þessa vikuna eftir því hvernig á það er litið og þrátt fyrir allt náðist að halda flesta viðburðina í samkvæmt skipulagi og voru þeir vel heppnaðir.

Í úrhellis rigningu opnuðu þau Pétur og Rut dyrnar að bílskúrnum sínum og flyktist fólk á staðinn til að skoða hið einstaka LEGO safn sem Pétur hefur sett saman og safnað. Eftir mikinn



Stemningin var góð á Vallarbrautarróló þar sem bæjargrillið fór fram.

rigningardag stytta svo máttulega upp þegar að bæjarbúar byrjuðu að streyma á Vallarbrautarróló þar sem að bæjargrillið var haldið á bæjarhátíðinni. Stemningin þar var afar góð að vanda og ekki væsti um neinn enda var allt þurrt og gott í stóra party-tjaldinu auk þess sem íbúar höfðu það gaman saman. Seltjarnarneskirkja bauð upp á óhefðbundnar messur í tilefni bæjarhátíðarinnar, bæði var þar stigin val og ferskt íslenskt grænmeti var selt til styrktar hjálparstarfi kirkjunnar. Góður hópur mætti

í sjóbað með þeim Maju og Gróu, gerði æfingar í fjörunni og dansaði sér til hita eftir sjóbaðið. Afar áhrifarík leiksýning var svo haldin á torginu við hjúkrunarheimilið Seltjörn en þar flutti Hólmfríður Hafliðadóttir einleikinn Flokkstjórinn og hlaut mikið lof fyrir í lok sýningar. Það þótti skemmtilegt og gott að vera inni í fjölskyldugolfi þegar að veðurviðvaranir, hvassviðri, öldugangur og rigningin dundu á Nesinu auk þess sem bæjarbúar fjölmenntu á markaðinn á Eiðistorgi og margir hverjir kíktu í listamannaspjall í Gallerí Gróttu. Þrátt fyrir að veður hafi vissulega sett strik í reikninginn þetta árið þá var engu að síður líf og fjör og margt í gangi á bæjarhátíðinni 2023 eins og myndirnar bera með sér. Vonandi heiðrar sólin Seltirninga nú samt á næsta ári!

AS WE GROW

ICELAND



ALPACA FYRIR HAUSTIÐ

KLAPPARSTÍG 29
ASWEGROW.IS



Vel sóttur markaður á Eiðistorgi. Skemmtileg nýbreytni að endurvekja þann sið.



Atriði undir berum himni í haustveðrinu.

DAGSKRÁ OKTÓBER 2023



**BLEIKUR
OKTÓBER**



23. sept. kl. 15:00–17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

**Ragnheiður
Gestsdóttir**
myndlistarkona
opnar
sýningu sína
Sjónskekkjur.
Sýningu lýkur
14. október.



Allur október

ÚKRAÍNSK HANDVERKSSÝNING

**Iryna
Sulikovska,**
frá Úkraínu,
sýnir handverk
sín á
bókasafninu.
Sýningu lýkur
31. október.



2. okt. kl. 20:00–22:00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk
um hannyrðir
hittist, hjálpast
að og deilir
hugmyndum.
Nánar á FB:
SelGARNanes
og nágrenni.



9. okt. 19:30–20:30

BÓKMENNTAKVÖLD


Skúli Sigurðsson
rithöfundur
fjallar um og
les upp úr bók
sinni **Stóri
bróðir.**
Kaffi og
kruðerí.



11. okt. kl. 17:00–17:30

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða
sögurnar **Dimma,
dimma höllin** eftir
Ruth Brown og
Nanna norn eftir
Valerie Thomas og
Korky Paul.



14. okt. kl. 11:00–14:00

FÖNDURFJÖR

Börnum og fjölskyldum þeirra
er boðið upp á skemmtilegt
föndur í barnadeildinni.



19. okt. kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Ása Karen Jónsdóttir
myndlistarkona opnar sýningu sína
Unseen Energies // Óséð Orka.
Sýningu lýkur 11. nóvember.



21. okt. kl. 11:30–12:30

LESID FYRIR HUND

Börnum býðst að lesa sér til
ánægju fyrir hunda sem eru
sérstaklega þjálfaðir til að
hlusta á börn lesa.
Sex börn komast að í hvert
skipti. Skráning: [saeunno@
seltjarnarnes.is](mailto:saeunno@seltjarnarnes.is)



23.–31. okt.

HREKKJAVÖKU- RATLEIKUR

Komdu á bókasafnið og taktu þátt í
HREKKJAVÖKU-ratleik.

Skemmtileg þátttökuverðlaun.



27. okt.

BANGSADAGURINN

Bókasafnsbangsarnir
sýna sig og sjá aðra.

Bangsagrimugerð í
barnadeildinni.



Fylgdu okkur á Instagram

Opnunartími: Mán.–fim. 10–18:30, fös. 10–17 og lau. 11–14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Viðtal við Jónínu Magnúsdóttur myndlistarkonu

Ég hef gaman að hafa fjölbreytni í verkum mínum

- segir Ninný myndlistarkona á Eiðistorgi

Ninný fullu nafni Jónína Magnúsdóttir myndlistarkona á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Ninný var með opið hús á vinnustofu tilefni bæjarlistahátíðar Seltjarnarness 2023. Hún kveðst stundum hafa verið með opið hús hjá sér þegar menningardagar hafi verið á Seltjarnarnesi þá hafi sér gefist tækifæri. Hún sýndi einnig í Gallerí Gróttu í október á liðnu ári. Á menningardögum fyrir tveimur árum var Ninný einnig með opið hús og málaði af því tilefni stóra mynd af Gróttu sem hangir uppi á vegg á vinnustofunni. Þegar komu maður spurði hvort þessi mynd ætti ekki heima á bæjar-skrifstofunni kvaðst hún ekki vilja láta myndina fara á safn, þar sem hún færi síðan í geymslu. Hugmyndin um bæjarskrifstofunum hitti greinilega í mark hjá listakonunni.

Ninný hefur starfað á Eiðistorginu í um tvö og hálf ár en var áður með vinnustofu á Korpúlfsstöðum. Hún kveðst kunna vel við sig á Nesinu þar sem rúmt er um hana og frábært útsýni úr vinnustofunni vil vesturs. Þegar Ninný hafði rennt sterku kaffi í bolla fyrir komumann var hún innt eftir því af hverju hún hafi vali sér stað á Seltjarnarnesi. „Ég missti vinnustofuna sem ég var með á Korpúlfsstöðum. Ég fór því að líta í kringum mig og sá þetta

pláss auglýst til sölu. Ég vildi komast á stað þar sem ég gæti verið í friði og rólegheitum. Þyrfti ekki að vera að flytja mig um set. Ég slóg til og bauð í þetta húsnæði og fékk það keypt fyrir um þremur árum og byrjaði að vinna hér nokkrum mánuðum síðar eftir að hafa lagað aðeins til og breytt. Opnaði rýmið ekki síst til þess að auðveldara væri fyrir mig að taka á móti fólki á vinnustofunni því ég er gjarnan með opið þegar ég er á staðnum og að vinna þótt ég sé ekki með fastan opnunartíma. Ég er með aðra vinnustofu í Kiðabergi í Kjósinni og vinn oft þar á sumrin. Ég kann vel við mig þar í nátturinni með útivistina allt í kringum mig.

Mætti vera meira líf hér á torginu

Mér fannst ekkert tiltökumál að flytja mig hingað. Hér er gott umhverfi. En það mætti vera meira líf hér á torginu. Að fólk sinni erindum, hittist og komi og fari. Ég dáist að Irisi hárgreiðslukonu sem hefur lagt í að endurvekja markaðstemmniguna hér á torginu. Markaðurinn á dögnum gekk vel og ég held að hún ætli að endurtaka hann laugardaginn 7. október. Geri aðrir betur.“ Ninný hefur nýtt sér möguleika á Eiðistorginu því hún hélt myndlistsýninguna Fjölbreytileika í Gallerí Gróttu við hlið bókasafnsins.



Ninný við nokkur verka sinna á vinnustofunni á Eiðistorgi.

Fjölbreytni í myndverkum

Á sýningunni í Gallerí Gróttu gætti mikilli fjölbreytni í vali myndverka hennar enda um fjölbreytni myndlistarmann að ræða. Ninný kveðst hafa gaman af að hafa fjölbreytni í verkum sínum og vinnur í ýmsa miðla, olíu, vatnsliti og blandaða tækni. Í verkunum finnst henni skipta máli litaflaðið, ljósið og andstæðurnar. Hún malar bæði figúratíf málverk og afstrakt og finnst gott að breyta um mótíf. Náttúran hafi sterk áhrif á sig og stundum segi verkin einhverja sögu, sýni oft nánd við eina eða fleiri manneskur. Ninný kveðst ekki bundin af litavali, heldur teflir saman litum eins og tilfinningin segi henni.

Fór á sýningar með pabba

Hvaðan sækir Ninný áhuga sinn á listum. Hún kveðst alltaf hafa haft mikinn áhuga á þeim. Allt frá bernsku. Faðir sinn hafi verið listelskur og duglegur að fara með sig á sýningar. Þetta hafi eftir áhugann og hún því snemma stefnt á listanám. Hvatningin hafi skipt sig miklu. Hún hafi fengið vítamínsprautu þegar þau fóru að skoða myndverk á sýningum. „Ég var sautján ára þegar ég byrjaði í Myndalista- og handiðaskólanum

eins og hann hét þá og útskrifaðist sem kennari. Ninný kenndi við Sérkennslumiðstöð Kópavogs þar sem viðfangsefni hennar voru einkum börn sem áttu við ýmsa erfiðleika. Eftir það flutti hún til Danmerkur, stundaði og fór síðan ég að kenna í kvöldskóla þar sem ég kenndi myndlist og handmennt. Ninný hefur auk þess sótt sér meiri menntun víðar í Danmörku, á Ítalíu, í Bandaríkjunum, Svíþjóð og á Spáni. Eftir að ég kom heim stofnaði ég minn eigin skóla og hélt námskeið. Þegar eiginmaður minn veiktist fyrir fertugt og féll síðan frá langt um aldur fram ákvað ég að taka mér hlé frá kennslu og hef bara unnið við listina síðan.

Í stjórn Norræna Vatnslitafélagsins

Ninný hefur tekið nokkurn þátt í félagsmálum. Hún sat í stjórn Norræna Vatnslitafélagsins í sex ár sem fulltrúi Íslands en auk þess hefur hún tekið að sér ýmis verkefni tengd myndlist. Hún hefur haldið Fri Akademi á Íslandi fyrir listamenn frá öðrum löndum, staðið fyrir námskeiðum með erlendum listamönnum og var í forsvari fyrir stórra vatnslitasýningu í Norræna húsinu þar sem norrænir listamenn

FALLEGIR LEGSTEINAR



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Á góðu verði
Verið velkomin
Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar

legsteinagerð



Ninný við málverk sitt af Gróttu á Seltjarnarnesi.

sýndu auk breskra listamanna. Ninný hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín og var valin listamaður Garðabæjar árið 2000. Ninný hefur haldið yfir tuttugu einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi og erlendis.

Ólst upp í náttúrunni í Vatnagörðum

Ninný er uppalin í Kleppsholtinu þegar öðru vísi var umhorfs þar en nú. „Heiman frá mér var stutt að

hlaupa niður í fjöru og við vorum oft að leika okkur í Vatnagörðum. Þar var yndisleg að vera. Í fjörunni og veiða síli. Þarna var mikil náttúra áður en að Sundahöfn var byggð en ég fylgist síðan með framkvæmdum þegar ég var aðeins eldri. Ég er þannig innfæddur Reykvíkingur þótt ég hafi búið síðustu árin í Kópavogi með smá millilendingu í Garðabæ og síðan fimm árin mín í Danmörku. Ég hafði mjög gott af því að breyta um umhverfi. Ég varð líka altalandi á Dönsku þeim tíma

og ég held að danskan hafi leitt mig í stjórn Norræna Vatnslitafélagsins. Á fundum töluðu norðurlandabúarnir hvert sitt tungumál en flestir skyldu hvorir aðra. Ég var lengst að venjast sænskunni. Ninný segir að í gegnum þetta félagsstarf

hafi sér verið boðið að taka þátt í sýningum og það hafi leitt til kynna við ýmsa flotta listamenn á Norðurlöndunum. Kaffið er búið og tíminn líka og Ninný hyggst snúa sér að penslinum innan stundar.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



f Finndu okkur á
Facebook

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölubókun

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is



Páll

Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF
ELDRI BÆJARBÚA

MAÐUR ER MANNS GAMAN

Fólk hefur tekið vel við sér í þátttöku félagsstarfsins en haustdagskráin fór af stað um mánaðamótin ágúst – september. Milli 70 og 80 manns kíktu við á kynningarfundinn og í vöfflukaffið sem haldið var í salnum á Skólabraut 31. ágúst sl. Dagskrárblaði fyrir tímabilið september – desember var dreift á staðnum, en ekki borið í hús að þessu sinni. Þar fór fram kynning og skráning á hin ýmsu námskeið og viðburði. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs mætti á fundinn og sagði nokkur orð lagði áherslu á félagsleg tengsl og mikilvægi þátttöku og samveru. Einnig mættu fulltrúar frá Félagi eldri borgara, kynntu félagið og skráðu inn nýja meðlimi. Dagskráin það sem af er hefur verið vel sótt, námskeiðin nánast fullbókuð og mjög góð skráning á fyrirhugaða viðburði. Föstu liðirnir hafa verið vel sóttir og má geta þeirra hér og minna á að allir eru velkomnir til þátttöku. Það er kaffikrúkur alla morgna á Skólabraut og er fólk byrjað að mæta fyrir kl. 9.00 og oftar en ekki eru umræðurnar fjörugar. Fin þátttaka hefur verið í handavinnu, félagsvist, bingó, vatnsleikfimi, jóga, botsía og bara öllum samverustundum. Einnig samstarfið með kirkjunni en presturinn er með helgistund á Skólabraut annan þriðjudag í mánuði og dagskrá í kirkjunni síðasta þriðjudag í mánuði. Kyrrðarstund er alla miðvikudaga kl. 12.00 og karlakaffi í safnaðarheimilinu alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00.

SÖNGSTUNDIN GÓÐA

Nú hefur söngstundinni verið fundinn nýr tími. Alla þriðjudaga kl. 16.00 mætir Bjarmi og stýrir söng og gleðistund. Þátttakan er mjög góð en alltaf er pláss fyrir fleiri og eru allir velkomnir. Kaffisopi og spjall á eftir. Þegar þessar línur eru ritaðar á föstudegi 15. september þá eru ýmsir viðburðir framundan.

FÉLAGSFUNDUR

Félagsfundur félags eldri borgara á Seltjarnarnesi FEBSEL verður haldinn í bókasafni Seltjarnarnes þriðjudaginn 19. september kl. 17.00. Málefni: Húsnæðis, skipulags og umhverfismál aldraðra á Nesinu. Gestir fundarins verða Páll Jakob Líndal og Þór Sigurgeirsson. Fyrirspurnir og almenningar umræður. Léttar veitingar.

GRILLVAGNINN/HAUSTFAGNAÐUR

Fimmtudaginn 21. september verður haustfagnaður í salnum á Skólabraut kl. 18.00. Grillvagninn með sitt margrómaða flotta veisluborð og Bragi Fannar Þorsteinsson heldur uppi fjörinu með harmóníkuspili, söng og dansi.

GLJÚFRASTEINN / HAUSTLITAFERÐ

Fimmtudaginn 28. september. Farið frá Skólabraut kl. 13.00. Farin verður Nesjavallaleið. Heimsækjum Gljúfrastein, hús skáldsins þar sem boðið verður upp á leiðsögn. Ferðin endar í kaffi í Blik, glæsilegu klúbbhúsi kylfinga í Mosfellsbæ. Skráning og upplýsingar í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut eða í síma 893 9800.

ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ OG BORGARLEIKHÚSÍÐ

Tvær leikhúsfærðir eru fyrirhugaðar. Fyrri sýningin EX í Þjóðleikhúsinu miðvikudaginn 1. nóvember og gengur skráning vel. Skráning á seinni sýninguna Deleríum Búbónis í Borgarleikhúsinu er hafin og er dagsetningin fimmtudagurinn 23. nóvember. Við eigum fráteknna 20 miða á hvora sýningu. Ástæða þess að skráningar er þörf með svo löngum fyrirvara er mikil aðsókn í leikhúsin og því áskilja þau sér rétt til að halda miðum ekki of lengi fráteknnum.

Í undirbúningi er önnur ferð þegar líður á haustið sem félagsstarfið og kirkjan standa saman að og einnig má geta þess að í lok október þá koma í heimsókn í kirkjuna eldri borgarar úr félagsstarfi Dómkirkjunnar. Í lok október er einnig fyrirhugaður annar fundur í félagi eldri borgara FEBSEL þar sem málefnið verður heilbrigðismál. Þessum viðburðum verður gerð nánari skil í næsta blaði.

Upplýsingar um starfið og skráning á alla viðburði eru hjá kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is, í aðstöðu félagsstarfsins að Skólabraut 3-5, og í síma 8939800. Þátttaka í félagsstarfinu er öllum opin óháð aldri og búsetu.

Miklar endurbætur
á Krónunni
á Granda

- þetta verður allt önnur verslun,
segir Alexander Kolesnyk, verslunarstjóri

Mikil endurnýjun og víðtækar endurbætur hafa átt sér stað á verslun Krónunnar á Granda síðustu daga. Versluninni var lokað 9. ágúst sl. eftir stóruþögn. „Við náðum nánast að tæma búðina sem gaf okkur tækifæri til þess að fara á fulla ferð í umbreytingarnar,“ segir Alexander Kolesnyk, verslunarstjóri Krónunnar á Granda.

Verslunin verður sem ný þegar hún verður opnuð að nokkrum dögum liðnum. Húsnæðið var tekið í gegn og endurbætt í hól og gólf. Þá hefur búnaður hennar einnig verið endurnýjaður. Ný kælitæki verða tekin í notkun sem eru umhverfisvænni en hin fyrri, þar sem mikil áhersla er lögð á bæði umhverfisvænt umhverfi og vöruúrval sem breytist nokkuð. Alexander segir að aukið verði við vöruúrvalið, einkum í grænum og umhverfisvænum vörum. Hann kveðst hafa veitt því athygli að viðskiptavinir, sem margir koma úr Vesturbæ Reykjavíkur og af Seltjarnarnesi, sýni mikinn áhuga á góðu úrvali af fersku grænmeti og ýmsum umhverfisvænum vörum. Þeir leggi sérstaka áherslu á heilbriggt mataræði og lífsstíl og við því verður brugðist með auknu úrvali af hollum og næringarríkum valkostum.



Alexander Kolesnyk verslunarstjóri.

Ein af nýjungum í nýju Krónuversluninni verður aukin áhersla á tilbúna rétti. „Margir eru oft að flýta sér á daginn, eru kannski á leið heim úr vinnu og vilja grípa eitthvað í matinn sem er fljótlegt en einnig heilnæmt og gott. Við höfum því lagt mikla áherslu á að auka fjölbreytnina í tilbúnu réttunum hér á Grandanum. Mikið er spurt um þá og er þá helst leitað eftir fjölbreytni. Við þessu er okkur bæði ljúft og skýlt að bregðast og viðskiptavinir geta búist við að geta valið úr ýmsu góðgæti til að taka með sér heim, til dæmis frá WokOn, Tokyo Sushi og kjúkling frá Rotisserie. Seinna á árinu opnum við síðan fleiri slíka staði sem verður gaman að segja frá þegar nær dregur. Að auki er fjórðu afgreiðslulausn Krónunnar gefið aukið rými á Grandanum en þar er nú að finna afhendingarstöð Snjallverslunar þar sem viðskiptavinir geta verslað vörur á heimasíðu eða í appi Krónunnar og sótt pöntunina í verslun. „Ég tel að fólk muni kunna að meta það. Þetta verður allt önnur verslun,“ segir Alexander sem var þotinn af stað til þess að líta eftir iðnaðarmönnum sem voru á fullri ferð að störfum í versluninni.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is



Ferfætlingar Seltjarnarness

Minkar drepa

Minkar fá ekki skráð lögheimili á Seltjarnarnesi eins og aðrir á 4 X 4.

Minkar gætu kvartað til Kæruneðndar jafnréttismála yfir ójöfnuði.

Minkar eru dæmdir til dauða án dóms og laga, hvar sem til þeirra næst.

Minkar sem sleppa frá gildrum fyrir slægð, eru dæmdir til skóggangs eða utanfarar.

Hundalíf

Hundar mega ekki spræna á brunahana.

Hundar mega hvorki bofsa né gelta, í byggð.

Hundar mega ekki geta af sér sýnilegan sóðaskap.

Hundar mega ekki vera slefberar.

Hundar, eða einhver nákominn skal tilkynna dauða hans.

Hundar með önugetu utan lögheimilis skulu mýldir.

Hundar mega ekki búa einir.

Hundar mega ekki fara í sundlaugina.

Hundar fá ekki heimild til að froðufella.

Hundar skulu halda hundabók um tilveru sína. Útvista má því verkefni.

Hundar í lausagöngu skulu þegar hundsamaðir og skellt á bakvið rimla.

Hundar í hundsömun fá ekki lausn gegn tryggingu.

Hundar með derring mega ekki fara til dyra.

Hundar sem glefsa skulu þegar aflifaðir, að ráði dýra-heilbrigðisfulltrúans.



Nesköttur í hlutverki minks í kríuvarpinu á golfvællinum.

Hundar er brjóta gegn reglugerð, skulu greiða kostnað af handsömun, geymslu og aflifun sinni.

Hundar mega hvorki fara á Suðurnesid né í Gróttu, þótt í tjóðri og fótjárnnum séu.



Kettir í Schengen Jón Hjaltason.

Kettir hafa heimild til útiveru í 8.760 stundir á ári. Auðvitað lengur á hlaupári.

Kettir hafa fullan rétt á að nota blómapotta nágranna sem útikamar.

Kettir eiga umgangs og veiðirétt á lóðum annarra, sem og í fjörum og fuglavarpi.

Kettir hafa óskoraðan rétt á fugladrápi þótt stríðaldir séu og með nesti að heiman.

Kettir mega nota sandkassa á barnaleikvöllum fyrir skító og spræno.

Kettir hafna mögulegum íþyngjandi reglugerðum, með vísan í lög um hefðarrétt frá 23. febrúar 1906.

Kettir hafna ólum og staðsetningarbúnaði. Telja slíkt varða við persónuverndarlög.

Kettir á Nesinu eru í Schengen! Þeir geta farið allra sinna ferða án þess að framvísa skilríkjum. Schengenkettir eru og velkomnir á Golfvöll og í Gróttu 24 X 7 X 52.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Ákveðið var að setja kr. Þrjár milljónir til höfuðs minkum. Þetta rausnarlega framlag ber að þakka, því sorglegir atburðir í varpi síðasta árs urðu öllum hryggðarefni nema minkum sem leiddist aldeilis ekki, fyrr en síðar. Hvað hundahald varðar eru reglugerðir nokkuð góðar þótt eflaust megi herða þær eitthvað frekar.

Um kattahald þarf vart að fjalla. Þar er allt í stakasta lyndi þótt vissulega megi enn betur dekra við Schengen kettina. Þeim sem hafa hugmyndir um hvernig það megi gera, er bent á umhverfisnefnd. Sjálfur er ég með hugmynd sem ég hyggst gefa nefndinni. Sett verði upp skilti við slóðan út í Gróttu. Á skiltinu verði tafla með nákvæmum upplýsingum um flóð og fjöru þannig að Neskettir verði þar ekki innlyksa.

Jón Hjaltason.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

» Þarf stærri heimtaug?

» Hvaða lausn hentar best?

» Er kerfið búið álagasstyrkingu?

» Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?

• EIGNAumsjón

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

20 ára

Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sveinur Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september


12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin



Pétur leggur þjálfara-skónna á hilluna í bili

Fyrir stuttu tilkynnti Pétur Rögnvaldsson, þjálfari meistaraflökks kvenna, stjórn og leikmönnum að hann hygðist taka sér hvíld frá þjálfun eftir níu ára farsælt starf fyrir knattspyrnudeild Gróttu. Það verður sjónarsviptir af Pétri þar sem hann hefur verið einn burðarásanna í þjálfarahópi félagsins í uppbyggingarstarfi þess á síðustu árum. Drýgstan skerf hefur Pétur þó lagt af mörkum til uppbyggingar kvennaknattspyrnu á Seltjarnarnesi og í Vesturbænum.



Pétur hóf störf hjá knattspyrnudeild Gróttu í ársbyrjun 2015 og hefur starfað þar óslitið síðan. Hann þjálfaði bæði stelpur og stráka í yngri flokkunum og þar af fjögur ár í eldri flokkum kvenna. Fyrst 4. flokk Gróttu/KR tímabilin 2016 og 2017 og síðar 3. flokkinn í tvö ár við góðan orðstír. Í ársbyrjun 2019 tók hann við sem aðstoðarþjálfari Magnúsar Arnar Helgasonar hjá meistaraflokki kvenna í Gróttu sem þá lék í 2. deild. Tveimur árum síðar steig hann upp að hlið Magnúsar sem aðalþjálfari liðsins.

Eftir dramatískt fall í 2. deild haustið 2021 tók Pétur við sem aðalþjálfari enda hafði uppbygging gengið vel og allar forsendur til að fara rakiðis aftur upp í Lengjudeildina. Það tókst Gróttukonum með Pétur í brúnni í fyrra og í sumar náði liðið besta árangri í sögu meistaraflökks kvenna. Eins og kunnugt er spilaði Gróttu hreinan úrslitaleik við Fylki um sæti í Bestu deildinni fyrir framan 800 áhorfendur á Vivaldivellinum laugardaginn 9. september. Eftir jafnan leik hafði Fylki sigur en sú niðurstaða varpar ekki skugga á stórkostlegan árangur Gróttuhópsins.

Gróttufólk þakkar Pétri ómetanlegt starf í þágu knattspyrnudeildar og félagsins. Það er ekki ofsagt að hann hafi gegnt lykilhlutverki í starfinu; borið hag félagsins fyrir brjósti, alltaf með hjartað á réttum stað og hugann við að byggja upp heilsteypa einstaklinga og öfluga liðsheid. Jafnframt óskum við Pétri velfarnaðar í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni og bjóðum hann velkominn í bakvarðasveitina!

Fyrstu A-landsleikir Orra Steins

Orri Steinn Óskarsson lék sinn fyrsta A-landsleik þegar Ísland mætti Lúxemborg í undankeppni EM 2024 föstudaginn 8. september.

Orri kom inn á í hálfleik en leikurinn tapaðist 1-3. Orri var síðan í byrjunarliði Íslands á Laugardalsvelli mánudaginn 11. september þegar liðið tók á móti Bosnía og Hersegóvínu. Ísland vann dramatískan 1-0 sigur en Alfreð Finnbogason skoraði mark Íslands í uppbótatíma. Orri Steinn spilaði allan síðari leikinn og stóð sig gríðarlega vel! Hákon Rafn Valdimarsson var einnig í landsliðshópnum og var á bekk Íslands í báðum leikjunum. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega stolt af Orra og Hákon og óskum við Orra Steini innilega til hamingju með fyrstu landsleikina! Svo sannarlega frábærar fyrirmyndir fyrir unga Gróttukrakka!



Mynd: Eyjólfur Garðarsson

Gróttukonur enda í 4. sæti eftir frábært sumar

Gróttu mætti Fylki á Vivaldivellinum laugardaginn 9. september í hreinum úrslitaleik um hvort liðið myndi komast upp í Bestu deildina að ári. Fáir höfðu spáð því fyrir tímabilið að Gróttu yrði í þessari stöðu, liðið nýkomið upp úr 2. deild eftir stutt stopp þar síðasta sumar, en liðið sýndi svo sannarlega á sumar hvað í þeim býr.

Gróttu komst yfir gegn Fylki á '23 mínútu með frábæru skallamarki frá hinni 15 ára Arnfríði Auði Arnarsdóttur, betur þekktur sem Aufi. Fylki tókst að jafna metin á '54 mínútu og stuttu síðar skoruðu þær sitt annað mark. Gróttu jafnaði metin á '73 mínútu eftir að hin 14 ára Rebekka Sif Brynjarsdóttir lét vaða fyrir utan teig og skoraði geggjað mark fyrir Gróttu en hún var aðeins búin að vera inná í nokkrar mínútur þegar hún skoraði. Því miður tókst Fylkiskonum að komast yfir á ný á '84 mínútu og endaði leikurinn 2-3 fyrir Fylki sem tryggðu sér þar með sæti í Bestu deildinni að ári. Leikurinn var gríðarlega spennandi og var frábær mæting á völinn. Umgjörðin í kringum leikinn var fyrsta flokks og stóðu sjálfbodaðliðar Gróttu í ströngu til að gera hana sem allra flottasta, eins og sást vel. Gróttukonur mega svo sannarlega ganga stoltar frá borði eftir frábært sumar þar sem þær náðu besta árangri kvennaliðs Gróttu frá upphafi. Þrátt fyrir tapið á laugardaginn er hægt að fagna mörgu - í leiknum skoruðu tvær ungar og efnilegar Gróttukonur sem eiga framtíðina fyrir sér, liðið hefur aldrei endað jafn ofarlega í Lengjudeildinni og fengið jafn mörg stig né skorað jafn mörg mörk og í ár og aldrei hefur verið jafn vel mætt á leik hjá kvennaliðinu líkt og á laugardaginn. Það má einnig nefna það að Gróttu átti markahæsta leikmann Lengjudeildarinnar, en Hannah Abraham skoraði 16 mörk fyrir Gróttu í sumar og er markahæsti leikmaður Lengjudeildarinnar!

Meistaraflokkur kvenna þakkar fyrir stuðninginn í sumar og hlakkar til að sjá sem flesta á vellinum í Lengjudeildinni á næsta ári.

Tómas með U17 á Telki Cup í Ungverjalandi

Gróttumaðurinn Tómas Johannessen hélt til Ungverjálans í ágúst þar sem hann tók þátt í Telki Cup æfingamóti með U17 ára landsliðinu. Ísland tók ásamt Ungverjalandi, Úsbekistan og Króatía þátt í mótnu.

Ísland mætti Króatíu í fyrsta leik mótsins sem endaði með 2-1 sigri Króatíu. Næst mætti Ísland Úsbekistan og fór Ísland þar með 2-0 sigur. Ísland spilaði sinn lokaleik við Ungverjaland en þar unnu heimamenn 3-0 sigur. Knattspyrnudeild Gróttu er hreykið af því að eiga fulltrúa í þessum flotta hóp.



Tómas Johannessen til vinstri.

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness



Árlegt kvennagolfmót

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness hélt árlegt kvennagolfmót á Nesvellinum þann 17. ágúst sl. og rann allur ágóði af því til Konukots. Fjöldmörg fyrirtæki styrktu golfmótið með veglegum gjöfum sem gekk ljómandi vel þrátt fyrir að veður væri rysjótt. Við þökkum kærlega fyrir veittan stuðning segir í frétt frá Soroptimistum.

Ballett
 Dans
 Fimleikar
 Jazz
 & ýmis
 gjafavara

Arena - Eiðistorgi 11
 arena.is - S: 615-1384

Ópið þriðjudaga og fimmtudaga
 kl. 14-17 og laugardaga 11-14
 Arena dansverslun

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í VETUR!

**Lífrænn fatnaður
sem gælir við þig!**
 Líttu á úrvalið frá Ripple.
 Dásamlegur fatnaður til
að hreyfa sig í og vera
í flestum stundum.

Feel
 Vibrant
 with VIRIDIAN

Build your
 immunity

Viridian helps to support metabolism and mental and physical wellbeing

Byggðu þig upp fyrir veturinn!!
 Gjörunnin matur og vítamín eru vandamál í veröldinni.
 Taktu inn það sem er hreint og virkar frá Virdian, sem er
 mögnuð vítamínína.

**Handunnar lífrænar
olíur í úrvali!**
 Kíktu á olíuauðinn
 okkar til að bera
 á þig og taka inn.



Afgreiðslutími:
 Mán: 10-16
 Þri-fös: 10-17
 Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
 systrasamlagid.is
 @systrasamlagid
 Sími: 511 6367

Hraððarir hleðsla!

FYRSTA HRAÐHLEÐSLAN



ER KOMIN Á BIRKIMEL



ORKAN

